

SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2016, 24. febrúar, var haldinn 94. fundur skóla- og frístunðaráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi á Höfðatorgi í Reykjavík og hófst kl. 11:05. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Eva Einarisdóttir (Æ), Jóna Björg Sætran (B), Kjartan Magnússon (D), Sabine Leskopf (S), Sigríður Pétursdóttir (V) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Arnaldur Sigurðarson (P); Andrea Sigurjónsdóttir, starfsfólk í leikskólum; Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjórar í grunnskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, skólastjórar í leikskólum; Rósa Ingvarsdóttir, kennarar í grunnskólum og Sveinn Sigurður Kjartansson, foreldrar barna í leikskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Elín Nordmann, Guðlaug Sturlaugsdóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Kristján Gunnarsson, Soffía Pálsdóttir og Valgerður Janusdóttir. Fundarritari var Eygló Traustadóttir.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram skýrslan *Sumarþjónusta við börn í Klettaskóla*, dags. í desember 2015. Sigríður Rut Hilmarsdóttir, verkefnastjóri í málefnum fatlaðra á skóla- og frístunðasviði og Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístunðamála á fagskrifstofu skóla- og frístunðasviðs kynna og svara fyrirspurnum. SFS2015060055
- Kl. 11:15 tekur Atli Steinn Árnason sæti á fundinum.

Skóla- og frístunðaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að boðið verði upp á heildstæða sumarþjónustu fyrir börn og unglínga við Klettaskóla þar sem aðstandendum verði gefinn kostur á því að sækja um samfellda þjónustu fyrir börn sem ráða illa við að fara í sumarfrí. Áætlaður viðbótarkostnaður vegna þessa yrði að hámarki 3,7 milljónir króna á árinu 2016.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístunðaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístunðaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata þakka fyrir góða vinnu starfshóps um sumarþjónustu við börn í Klettaskóla. Tekið er undir þá megin tillögu að boðið sé upp á þann valkost að börn og ungmenni í Klettaskóla geti notið heildstæðrar sumarþjónustu og foreldrar geti stýrt því hvenær börn þeirra taka sumarfrí en séu ekki bundin af lokun þjónustunnar eins og verið hefur. Sú meginregla verður áfram við lýði að hvert barn taki tveggja vikna sumarfrí hið minnsta en hins vegar er mikilvægt að hægt verði að sækja um undanþágu frá þeirri reglu við sérstakar aðstæður þegar saman fer að þjónustuþörf er mikil, vandi samþættur og mikið álag í félagsumhverfi barnsins.

Skóla- og frístunðaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu til í júní sl. að ráðstafanir yrðu gerðar til þess að frístunðheimili fyrir nemendur Klettaskóla yrði opið um sumarið svo viðkomandi nemendur gætu notið þess að vera á öruggum stað í kunnuglegu umhverfi. Fulltrúar borgarstjórnarmeirihlutans vísuðu tillögunni frá og óskuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins þá eftir því að gert yrði ráð fyrir umræddri þjónustu við nemendur Klettaskóla á árinu 2016. Lýsum við yfir ánægju okkar með að sú vinna, sem hófst í kjölfarið, er nú að skila þeim árangri að allar líkur eru á að slíkt úrræði verði í boði á komandi sumri.

2. Lögð fram skýrslan *Starfshópur um undirbúning og stofnun teymis til stuðnings við börn og ungmenni á grunnskólaaldri með fjölþættan vanda*, dags. 1. nóvember 2015. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. janúar 2016, um tillögur starfshóps um undirbúning og stofnun teymis til stuðnings við börn og ungmenni á grunnskólaaldri með fjölþættan vanda ásamt kostnaðargreiningu. Björk Jónsdóttir, skólustjóri Brúarskóla og Hrund Logadóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs kynna og svara fyrirspurnum. SFS2015020205

- Kl. 11:37 vikur Kristján Gunnarsson af fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að vinna áætlun í samstarfi við velferðarsvið um með hvaða hætti tillögum starfshóps um undirbúning og stofnun teymis til stuðnings við börn og ungmenni á grunnskólaaldri með fjölþættan vanda verði komið í framkvæmd.

Samþykkt.

- Kl. 12:20 vikur Soffía Pálsdóttir af fundinum og Hulda Valdís Valdimarsdóttir tekur þar sæti.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata þakka starfshópi um stuðning við börn og ungmenni á grunnskólaaldri með fjölþættan vanda fyrir góða vinnu og ítarlegar tillögur. Vinnan hefur m.a. skilað sér í stofnun teymis til að leysa bráðavanda sem upp getur komið í skólum en jafnframt liggja nú fyrir mikilvægar tillögur um úrræði til lengri tíma, sem byggja á nánara samstarfi skóla- og frístundasviðs við önnur þau svið og stofnanir sem fjalla um málefni barna og ungmenna með fjölþættan vanda, s.s. velferðarsvið sem hefur umsjón með Barnavernd og sérfræðipjónustu skóla á þjónustumiðstöðvum, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Barnaverndarstofu, BUGL, SÁÁ o.fl. Nú fer í hönd samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs við að móta áætlun um innleiðingu og fjármögnun tillagnanna svo bæta megi þessa brýnu þjónustu við börn og ungmenni með fjölþættan vanda.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Á fundi borgarstjórnar þann 21. október 2014 lögðu Framsókn og flugvallarvinir fram tillögu þar sem þess var óskað að verklagsreglur sem þá voru í gildi um þjónustu við börn með fjölþættan vanda og fjölskyldur þeirra yrðu endurskoðaðar og yrði það gert í samstarfi skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Meirihluti borgarstjórnar óskaði eftir að fá að vera með á tillögunni og féllust Framsókn og flugvallarvinir á þá ósk meirihlutans. Í maí 2015 voru kynntar tillögur starfshóps um lausn á bráðavanda þessara barna og nú í febrúarlok 2016 eru loksins kynntar tillögur um langtímaúrræði fyrir þennan hóp, nær einu og hálfri ári eftir að óskað var eftir að þessi mikilvæga vinna færi í gang. Starfshópurinn leggur fram umfangsmiklar og heilsteyptar tillögur sem vafalítið munu geta verið mjög til bóta en vandséð er hvar verður fundið fjármagn til að hægt verði að hrinda tillögunum í framkvæmd en áætlaður kostnaður er talinn um eitt hundrað milljónir króna. Framsókn og flugvallarvinir vilja leggja áherslu á mikilvægi þess að fundnar verði leiðir til að unnt verði að virkja þessa verkferla nú þegar bæði hvað varðar lausn á bráðavanda og varðandi lausn til lengri tíma.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins þakka Björk Jónsdóttur og Hrund Logadóttur fyrir vandaða vinnu og tillögur um stuðning við nemendur sem eiga við fjölþættan vanda að stríða. Fyrir rúmum þrettán mánuðum fluttu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í skóla- og frístundaráði tillögu um að komið yrði á fót sérúrræði til að mæta þörfum grunnskólanemenda með slíkan vanda. Tillagan byggðist á hugmyndum þrautreyndra skólastjóra, sem töldu nauðsynlegt að bregðast hratt og örugglega við alvarlegum og stigvaxandi vanda. Í stað þess að samþykkja umrædda tillögu og bregðast þannig við skjótlega, kaus meirihluti Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata að setja málið í tafsama skoðun. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hörmuðu þá afgreiðslu meirihlutans enda væri með henni komið í veg fyrir að gripið yrði til nauðsynlegra aðgerða á skólaárinu 2014-15. Nú liggja loks fyrir tillögur, er verða nú sendar í enn eina skoðunina, sem þýðir að þær munu traúðla komast til framkvæmda á yfirstandandi skólaári, þ.e. 2015-16. Er jafnvel ósennilegt að slíkar tillögur komist til framkvæmda á yfirstandandi almanaksári þar sem ekki er gert ráð fyrir auknu fé vegna umrædds vanda í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2016, þótt lengi hafi legið fyrir að brýnt væri að takast á við hann sem fyrst og að einhver kostnaður myndi óhjákvæmilega hljóta af því. Á sömu fjárhagsáætlun er hins vegar gert ráð fyrir háum framlögum til gæluverkefna borgarstjórnarmeirihlutans, t.d. 170 milljónum króna vegna þrengingar Grensásvegar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lýsa yfir vanþóknun sinni á slíkri forgangsröðun og harma jafnframt seinlæti meirihlutans í málefnum barna og unglinga með fjölþættan vanda.

Áheyrnarfulltrúar kennara í grunnskólum og skólastjóra í grunnskólum leggja fram svohljóðandi bókun:

Starfshópur um börn og ungmenni með fjölþættan vanda hefur nú skilað niðurstöðum á sinni vinnu. Þeirra vinna skilaði mörgum góðum tillögum varðandi málefnið. Vandí nemenda með fjölþættan vanda í grunnskólanum hefur vaxið hratt á undanförunum árum og hefur skólinn of fá úrræði til að bregðast við. Langur biðlisti er í þau úrræði sem í boði eru, s.s. ráðgjöf frá Brúarskóla, greiningar, sálfræðiráðgjöf og pláss á heim deildum sem sinna nemendum með sérþarfir. Mikilvægt er að ráða fleira fagfólk s.s. broskabjálfa, talkennara, námsráðgjafa og annað starfsfólk með sérhæfingu til að sinna þeim fjölbreytta nemendahópi sem skólarnir eru að sinna. Í dag eru stuðningsfulltrúar of mikið með börnin sem eru í mestum vanda. Öllum á að geta liðið vel og vera öruggir í grunnskólunum en til þess að svo megi verða þarf að skapa viðeigandi úrræði fyrir bennan nemendahóp og slíkt kallar á aukið fjármagn. Í könnun sem lögð var fyrir skólastjórnendur fyrir um það bil ári síðan kom fram að um það bil 200 nemendur með fjölþættan vanda í grunnskólum borgarinnar fái ekki þjónustu sem hæfir þeim. Við þessu þarf að bregðast og telur skólafólk mikilvægt að fá aukna þjónustu inn á gólf í skólunum en ekki eingöngu þjónustu sem lítur að ráðgjöf til kennara. Áheyrnarfulltrúar kennara og skólastjóra í skóla- og frístundaráði skora á borgaryfirvöld að bregðast við þessum vanda hið fyrsta, setja aukið fjármagn til skólanna og koma tillögum starfshópsins í verk hið fyrsta svo skólarnir geti sinnt þessum nemendum sem skildi.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva SFS óskar eftir því við skóla- og frístundaráð Reykjavíkur að skoðað verði heildstætt hvaða þjónustu og úrræði væri æskilegt að veita börnum og unglíngum með fjölþættan vanda á aldrinum tíu til sextán ára í frístundastarfi. Börn á þessum aldri hafa, á dagtíma, takmarkað aðgengi að frístundaþjónustu borgarinnar sem kemur til móts við þeirra þarfir og áhugasvið en fram til tíu ára aldurs hafa þau gott aðgengi að frístundaheimilum borgarinnar.

3. Skólaselið í Keilufelli. Lögð fram ársskýrsla Skólaselsins í Keilufelli skólaárið 2014-2015 og samstarfssamningur skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um Skólaselið í Keilufelli, dags. 20. febrúar 2013. Guðrún Björk Freysteinsdóttir, deildarstjóri Skólaselsins í Keilufelli, Hákon Sigursteinsson, deildarstjóri á Þjónustumiðstöð Breiðholts og Hrund Logadóttir,

verkefnastjóri á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs kynna og svara fyrirspurnum.
SFS2016020154

Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 10. febrúar 2016:

Skóla- og frístundaráð beinir því til borgarráðs að starfsemi Skólasels við Keilufell verði færð til skóla- og frístundasviðs. Jafnframt óskar ráðið eftir því að starfsmönnum selsins verði fjölgað úr þremur í fjóra í því skyni að styrkja starfsemina og stytta biðlista eftir þjónustu þess. Þá óskar ráðið eftir því að hugað verði að fjölgun bílastæða við húsið og reist þar skýli fyrir reiðhjól.

SFS2016020094

Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 10. febrúar 2016:

Framsókn og flugvallarvinir vilja leggja áherslu á að brýnt er að vinna með sértækan vanda barna í grunnskólum borgarinnar. Víða er unnið gríðarlega mikið starf á þessu sviði sem þó eru settar miklar skorður sem rekja má til bæði fjárskorts og einnig þess hvernig slíkt starf getur skarast á milli sviða stjórnáslunnar t.d. á milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Á Skólaseli að Keilufelli 5 í Breiðholti er unnið með bráðan, fjölbreyttan og sértækan vanda barna frá tólf skólum í austurhluta Reykjavíkur. Þar er í dag aðeins unnt að vinna með þrjá nemendur í senn á þriggja til fimm vikna tímabilum en í dag eru ellefu nemendur á biðlista sem metið er mjög brýnt að nái að fá umbeðna þjónustu áður en skóla lýkur í vor. Þrátt fyrir að þarna er ekki síður unnið með nám barnanna en andlegan og félagslegan vanda þeirra er starfsemin á borði velferðarsviðs en ekki skóla- og frístundasviðs og starfsfólk Skólasels nýtur að eigin mati í dag ekki mikilvægra tengsla og stuðnings við ráðamenn skóla- og frístundasviðs. Framsókn og flugvallarvinir leggja til að skóla- og frístundasvið kanni hvort unnt sé að koma á eða auka samstarf við Skólaselið þrátt fyrir að starfsemin sé staðsett á skipuriti undir velferðarsviði. Einnig vilja Framsókn og flugvallarvinir leggja til að í anda hagræðingar sé skoðað hvernig verði hægt að koma til móts við starfsmannaeklu Skólasels þó ekki sé nema tímabundið fram til vors eða þangað til að aðstæður leyfa að fjölga þar starfsfólki til framtíðar.

SFS2016020095

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að skoða mögulega framtíðarskipan Skólaselsins í Keilufelli og eiga viðræður við velferðarsvið um starfsemina. Upplýsingar um framangreint liggi fyrir á fundi skóla- og frístundaráðs eigi síðar en 6. apríl 2016.

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir það góða starf sem unnið hefur verið í Skólaselinu í Keilufelli, þar sem boðið hefur verið upp á lausnamiðaða nemendavernd fyrir grunnskólanema í Árbæ, Breiðholti, Grafarholti, Úlfarsárdal og Norðlingaholti. Úrræðið hefur nýst vel til að bregðast við m.a. hegðunar- og samskiptavanda, ástundunarvanda og alvarlegum brotum nemenda og er eftirtektarvert að 27 af 32 nemendum sem sóttu Skólaselið á síðasta ári gátu farið aftur í sinn heimaskóla að lokinni dvöl í Skólaselinu. Mikilvægt er að skoða framtíðarskipan Skólaselsins og leita leiða til að efla starfsemina

svo bjóða megi úrræðið þeim börnum sem nú bíða eftir slíkri þjónustu. Skóla- og frístundasvið mun nú þegar taka upp viðræður við Velferðarsvið í því skyni.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn og flugvallarvinir telja brýnt að nú þegar verði komið til móts við núverandi starfsmannaeklu á Skólaseli, Keilufelli 5, til að unnt verði að þjónusta börn og unglinga sem þar eru á biðlista og brýnt er að þjónusta áður en kennslu lýkur í vor.

4. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 17. febrúar 2016, um viðauka við samning skóla- og frístundasviðs og Móðurmáls. Jafnframt lögð fram drög að viðauka við samstarfssamning skóla- og frístundasviðs og Móðurmáls ásamt samstarfssamningi, dags. 24. nóvember 2014. SFS2014110002

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

5. Lögð fram skýrslan *Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar*, dags. 1. nóvember 2015. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. febrúar 2016, varðandi umsagnir hagsmunaaðila um tillögur starfshóps um endurskoðun reglna um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi og reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi, með breytingum. Enn fremur lagðar fram umsagnir stjórnar SAMFOK, dags. 18. desember 2015; Íþróttabandalags Reykjavíkur, dags. 16. desember 2015 og íþrótt- og tómstundaráðs, dags. 8. janúar 2016 og bréf umboðsmanns barna, dags. 10. desember 2015. SFS2015060114

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir nýjar reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi sem taki gildi 15. apríl 2016. Frá sama tíma falli úr gildi reglur skóla- og frístundasviðs um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi frá árinu 2013.

Tillagan samþykkt og vísað til borgarráðs með 5 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Framsóknar og flugvallarvina. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata þakka fyrir vandaða vinnu starfshóps sem skilað hefur tillögu að nýjum reglum um kynningar, auglýsingar og gjafir á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs. Fylgt hefur verið leiðbeinandi reglum Umboðsmanns barna og Talsmanns neytenda um að vernda eigi börn fyrir auglýsingum eða annarri markaðssókn í grunnskólum og leikskólum en jafnframt aukið svigrúm stjórnenda, skólaráða og foreldra til að móta áherslur varðandi móttöku gjafa utan skólatíma, sem tengjast fræðslu og forvörnum. Sérstök athygli er vakin á nýju ákvæði í reglunum um að kynningar á æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarfi eru heimilar á starfsstíma skóla og frístundar og kveðið á um að fyrirkomulag slíkra kynninga skuli fara fram í samstarfi stjórnenda, foreldra og nemenda við hverfisráð, íþróttafélög og félagasamtök í viðkomandi hverfi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Reglur um samskipti Reykjavíkurborgar við aðila utan borgarkerfisins, sem meirihluti Samfylkingar og Bjartrar framtíðar setti á síðasta kjörtímabili, torvela mjög kynningarstarfsemi íþrótt- og æskulýðsfélaga gagnvart börnum og unglungum og eru

Því til mikillar óþurftar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítreka enn og aftur þá skoðun sína að mikilvægt sé að breyta umræddum reglum á þá leið að skýrt sé að íþrótta- og æskulýðsfélögum sé heimilt að kynna starfsemi sína í grunnskólum Reykjavíkur. Fyrirliggjandi tillaga felur ekki í sér slíka breytingu. Tekið er undir efasemdir samtaka foreldrafélaga í Reykjavík (SAMFOK) um að þörf sé á slíkum miðstýrðum reglum um auglýsingar og kynningar í skólastarfi. Ljóst er að það er vel á færi skólastjóra í samráði við skólaráð og foreldrafélög að meta og þekkja muninn á óæskilegri markaðssetningu annars vegar og málefnum er varða nám, öryggi, lýðheilsu, forvarnir og heill samfélagsins hins vegar.

6. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 20. janúar 2016, um leyfi til dagforeldra í Reykjavík árið 2015 ásamt yfirliti yfir ný leyfi til daggæslu í Reykjavík 2015, dags. 20. janúar 2016. SFS2016010100
7. Starfshópur um daggæslu í heimahúsum. Lögð fram drög að gæðaviðmiðum daggæslu. Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri tölfræði- og rannsóknþjónustu skóla- og frístundasviðs kynnrir og svarar fyrirspurnum. SFS2015020021
8. Ytra mat í skóla- og frístundastarfi. Lagðar fram skýrslurnar *Rimaskóli, ytra mat á skólastarfi*, dags. í nóvember 2015; *Norðlingaskóli, ytra mat, nám og kennsla á unglíngastigi*, dags. í janúar 2016; *Frístundaheimilið Töfrasel, mat á frístundastarfi*, dags. í febrúar 2016; *Grænaborg, mat á leikskólastarfi*, dags. í október 2015; *Geislabaugur, mat á leikskólastarfi*, dags. í nóvember 2015 og *Leikgarður, mat á leikskólastarfi*, dags. í desember 2015. Sigrún Harpa Magnúsdóttir og Auður Ævarsdóttir, sérfræðingar á tölfræði- og rannsóknþjónustu og Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri tölfræði- og rannsóknþjónustu skóla- og frístundasviðs kynna og svara fyrirspurnum. SFS2015060052
- Kl. 14.15 vikur Guðrún Gunnarsdóttir af fundinum.
9. Lagt fram yfirlit yfir stöðu markmiða í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs 2015, dags. í febrúar 2016. SFS2016020146
10. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 15. febrúar 2016, varðandi notkun fjárfundabúnaðar á fundum ráða og nefnda. SFS2016020126
11. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. febrúar 2016, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum varðandi samstarfsáætlanir skóla og foreldra. SFS2016010160
12. Lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 17. febrúar 2016, við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina varðandi kynningu á námsframboði og inntökuskilyrðum framhaldsskólanna. SFS2016010075
13. Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 10. febrúar 2016, varðandi niðurstöður Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og mælingar á hávaða. SFS2016010161
14. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi tillögu:

Framsókn og flugvallarvinir leggja til að skóla- og frístundasvið beiti sér fyrir samstarfi Klébergsskóla á Kjalarnesi við Borgarbókasafnið um rekstur bókasafns í húsnæði Klébergsskóla líkt og verið hefur í Norðlingaskóla í Norðlingaholti. Almennigur á Kjalarnesi hefði þá aðgang að bókasafni í húsnæði Klébergsskóla og einnig gæti þetta skapað meiri tengsl milli leikskólans Bergs á Kjalarnesi og Klébergsskóla. Í dag kemur bókaþillinn aðeins tvisvar í mánuði á Kjalarnes þannig að samstarf með þessum hætti myndi auka mjög og auðvelda aðgengi barna og fullorðinna á Kjalarnesi að úrvali bóka og væri vel í anda aukinnar áherslu á lestur allra aldurshópa.

Frestað.

SFS2016020177

15. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir greinargerð um þann vanda, sem upp kom í Melaskóla þar sem eftirfarandi spurningum verði meðal annars svarað ásamt upplýsingum um kostnað: Hvenær kom vandinn upp og hvenær og með hvaða hætti var brugðist við af hálfu skóla- og frístundasviðs? Hver er rót vandans að mati sérfræðinga sviðsins og utanaðkomandi ráðgjafa? Hvaða ályktanir og/eða lærdóm er hægt að draga af umræddu máli í því skyni að bæta úrlausn slíkra mála í framtíðinni?

SFS2016020178

16. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Framsókn og flugvallarvinir óska eftir upplýsingum um fyrirkomulagið í dag á forfallakennslu í grunnskólum borgarinnar; á yngsta stiginu, á miðstigi og á unglingastigi. Hvernig er ákvarðað hve mikið fé er sérmerkt forfallakennslu og eftir hvaða viðmiðum er sú fjárhæð miðuð? Fer það t.d. eftir heildarfjölda nemenda í skólanum eða er það mismunandi eftir fjölda nemenda í mismunandi árgöngum eða á hinum mismunandi stigum. Hvað má nemandi missa af mörgum kennslustundum í sömu námsgrein þegar kennsla í kennslustund fellur niður vegna forfalla kennara til þess að nemandinn nái samt að fá lögbundna kennslu í viðkomandi námsgrein.

SFS2016020179

17. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Framsókn og flugvallarvinir óska eftir upplýsingum um hvort skólastjórar leik- og grunnskóla borgarinnar hafi í dag fengið loka upplýsingar um heildar fjárramma ársins nú þegar um 1/6 skólaársins er að klárast og margir skólar mögulega að vinna við að færa tap rekstrar frá 2015 yfir á 2016.

SFS2016020180

Fundi slitið kl. 15:11

Eva Einarsdóttir
Kjartan Magnússon
Sigríður Pétursdóttir

Skúli Helgason

Jóna Björg Sætran
Sabine Leskopf
Örn Þórðarson